

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting, Gata, L166750, Brekkuhlíð. Ný lóð og breyttur byggingarreitur.
Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu er varðar Götu. Í breytingunni felst að skilgreind eru mörk nýrrar lóðar úr landi Götu, L166750, auk þess sem skilgreindur er stærri byggingarreitur innan svæðisins. Heimilað hámarksbyggingarmagn er aukið úr 6.700 fm í 7.500 fm.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. júní 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2023